

Verðmæti seldra framleiðsluvara 2005

Value of sold production 2005

Samantekt Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2005 var 297 milljarðar og er það samdráttur um tæpa 6 milljarða frá árinu 2004. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2005 án fiskvinnslu var 191 milljarður samanborið við 184 milljarða árið 2004, sem er aukning um rúma 6 milljarða milli ára. Í 10 atvinnugreinum af 17 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara. Hlutdeild atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er stöðug milli árána 2004–2005 þar sem hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruíðnaðar vegur þyngst með 53,5% af heildarverðmæti árið 2005, þar af 35,7% vegna fiskvinnslu.

Iðnaðarskýrslur

Um skýrslugerðina Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2005. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, og má þannig bera saman framleiðslu héraendis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þ.m.t. viðgerðarþjónusta.

Þátttakendur Iðnfyrirtæki sem voru með yfir 30 milljónir króna í veltu á árinu 2005 samkvæmt virðisaukaskattskýrslum fengu sent eyðublað til útfyllingar, alls 603 fyrirtæki. Velta þeirra vegna iðnaðarstarfsemi árið 2005 er 297 milljarðar króna. Af þessum fjölda veittu 366 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 22 fyrirtæki reyndust ekki eiga heima í könnuninni en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 90% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Allt til ársins 2003 voru viðmiðunarmörk fyrir þátttöku 15 milljóna króna velta og árlegt úrtak því nokkru stærra. Til að auðvelda gagnasöfnun og minnka álag á svarendur var ákveðið að hækka viðmiðunarmörkin upp í 30 milljóna króna veltu frá og með árinu 2003, þar með fækkaði þátttakendum úr rúmlega 800 í rúmlega 600. Velta þeirra rúmlega 600 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 95% af heildarveltu iðnfyrirtækja í landinu.

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara er sem fyrr birt með og án söluverðmætis í fiskvinnslu, en fiskvinnsla er langstærsta einstaka atvinnugreinin, með um 40% hlutdeild í heildarverðmæti síðustu ár.


Talnaefni Í töflum um iðnaðarframleiðslu eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er síðan sundurliðað niður á 3–9 stafa PRODCOM vörunúmer.



Alls eru birtar upplýsingar yfir um 130 vörutegundir. Verðmæti þeirra vörutegunda, sem ekki er sérstaklega sundurliðað er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ót.a.“ Við þá tölu bætast enn fremur verðmæti viðgerðarþjónustu þar sem það á við. Fyrir hverja vöru er tilgreind magneining, fjöldi framleiðenda, magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Frá þessari reglu er vikið hvað varðar tölur um fiskvinnslu en þær sýna *áætlaða heildarframleiðslu til útflutnings* samkvæmt útflutningsskýrslum. Árið 2002 var sú nýbreytni tekin upp að tölur fyrir seldar framleiðsluvörur í mjólkuriðnaði voru fengnar frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) í stað þess að koma frá einstökum framleiðendum.

Mynd 1. Hlutdeild atvinnugreina í verðmæti seldra framleiðsluvara 2002–2005

Figure 1. Share of industries in total value of sold productions 2002–2005




Reglur um birtingu talna

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki eru þannig að þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu, eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild, eru tölur þeirra ekki birtar nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Þar við bætist að framleiðsla á sumum vörutegundum er of lítil til að hægt sé að birta fulla sundurliðun framleiðslunnar. Reynt er að fella slíkar vörur inn í aðra yfirflokka með skyldum vörutegundum, en þegar það er ekki mögulegt eru þær færðar undir safnliðinn „Aðrar vörur ót.a.“.

Mynd 2. Verðmæti seldra framleiðsluvara (án fiskvinnslu) 2004 og 2005

Figure 2. Value of sold production (excl. fish production) 2004 and 2005



Skýringar Notes: Myndin sýnir ekki verðmæti seldra fiskafurða sem voru 118 milljarðar árið 2004 og 106 milljarðar árið 2005. The figure does not show the value of sold fish production which amounted to 118 billion ISK in 2004 and 106 billion ISK in 2005 (for english translation see table 1).

Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

Heildarverðmæti 297 milljarðar árið 2005

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 297 milljarðar árið 2005 en var 302 milljarðar árið 2004, sem er 2% samdráttur milli ára. Þar sem vísitala framleiðsluverðs lækkaði um 2,5% á sama tíma jafngildir þetta lítilsháttar hækkun á raunverðmæti. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara án fiskvinnslu jókst um rúm 3% milli árunna 2004 og 2005, en það fór úr 184 milljörðum árið 2004 í 191 milljarð árið 2005. Ef breytingin er núvirt með tilliti til vísitölu framleiðsluverðs fyrir annan iðnað er raungildishækkunin 5,5%, en vísitalan lækkaði um 2,5%.

Verðmæti útfluttra fiskafurða dróst saman um 10,3% milli ára

Heildarverðmæti útfluttra fiskafurða dróst saman um 10,3% frá árinu 2004, úr 118 milljörðum í 106 milljarða árið 2005. Á sama tíma hefur magnið minnkað um 9,7%, úr 782 þúsund tonnum árið 2004 í 706 þúsund tonn árið 2005. Milli árunna 2004 og 2005 lækkaði vísitala framleiðsluverðs fyrir sjávarafurðir um 2,6%, en það jafngildir því að raunlækkun verðmætis hafi aðeins numið 7,8%.

Meiri verðmæti í 10 atvinnugreinum af 17

Milli árunna 2004 og 2005 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara í 10 atvinnugreinum en dróst saman í sjö. Einna mest varð aukning í gler-, leir- og steinefnaíðnaði, fór úr 11 milljörðum í 14,7 milli ára, sem er 33,4% aukning. Í framleiðslu og viðhaldi annarra farartækja nam aukningin 31,8% eða tveimur milljörðum króna, úr 6,3 milljörðum 2004 í 8,3 milljarða ári síðar. Aukning varð um 17,9% í húsgagnaiðnaði, skartgripasmíði og öðrum iðnaði þar sem verðmæti seldrar framleiðslu fór úr 3,3 milljörðum í 3,9 milli ára. Í samanlögðum flokki málmsmíða

og viðgerða og vélsníða og vélaviðgerða var 17,5% aukning milli ára þar sem verðmætið jókst um rúma 3 milljarða milli ára, fór úr 19 í 22,5. Í útgáfustarfsemi og prentiðnaði varð aukning um 10% milli ára, úr 16 milljörðum í 18. Þá var 9,5% aukning í samanlögðum flokkum framleiðslu og viðgerðum rafmagnsvéla og tækja annars vegar og framleiðslu fjarskiptabúnaðar og tækja hins vegar.

Verðmæti seldra framleiðsluvara milli árana 2004 og 2005 óx einnig í framleiðslu lækninga-, mæli- og rannsóknartækja um 5,4%, gúmmí- og plastvöruframleiðslu um 1,8 % og trjáíðnaði um 1,6%.

Milli árana 2004 og 2005 varð samdrátturinn mestur í efnaiðnaði þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara minnkaði úr 15,7 milljörðum í 10,5 milljarða króna, eða um 33,2%. Í fataiðnaði nam samdrátturinn 29,4%, þar sem verðmæti lækkaði úr 700 milljónum í 500 milljónir. Samdráttur í textíliðnaði nam 17,8%, pappírsiðnaði 10,3%, framleiðslu málma 7,9% og í atvinnugreininni nám og vinnsla hráefna úr jörðu 2,4%. Í matvæla- og drykkjarvöruíðnaði varð samdráttur upp á 4,9% þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara fór úr 166,6 milljörðum í 158,4 milljarða milli ára. Eins og áður hefur komið fram má að öllu leyti rekja samdrátt í þessum flokki til fiskvinnslu, því að henni undanskilinni varð aukning um 3,4% í matvæla- og drykkjarvöruíðnaði.

Hlutur atvinnugreina Þegar litið er á hlutdeild einstakra atvinnugreina í heildarverðmæti seldra framleiðsluvara á árunum 2002 til 2005 má sjá að hún er nokkuð stöðug milli ára. Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla vegur þyngst öll árin, hlutdeild þeirra greina hefur verið á bilinu 54-60% en farið lækkandi.

English summary

Total value of sold production amounted to 297 billion ISK in 2005 and decreased by 6 billion ISK from previous year. The value of sold production increased in 10 out of 17 industries during this period. Apart from the smallest industries a considerable growth was in manufacture of non-metallic mineral products, 33.4%, while the most downturn was in the manufacture of chemicals and chemical products, 33.2% decrease.

The share between industries was relatively stable between 2004 and 2005. The share of food and beverage manufacture dominated other industries with a share of 53.5% in 2005, thereof 34.4% in fish production.

Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2002–2005

Table 1. Value of sold production 2002–2005

		2002	
		Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%
14	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	1.932,8	0,7
15	Matvæla og drykkjarvöruíðnaður <i>Manufacture of food products and beverages</i>	172.812,2	59,7
15.2/15.4	Þar af fiskvinnsla <i>Thereof fish production</i>	125.795,5	30,3
17	Textíliðnaður <i>Manufacture of textiles</i>	3.218,3	1,1
18	Fataíðnaður; sítun og litun loðskinna <i>Manufacture of wearing apparel; dressing and dyeing of fur</i> ³	928,1	0,3
19	Leðuriðnaður <i>Manufacture of leather products</i>	48,0	0,0
20	Trjáíðnaður <i>Manufacture of wood products</i>	2.960,2	1,0
21	Pappíríðnaður <i>Manufacture of paper and paper products</i>	2.051,1	0,7
22	Útgáfustarfsemi og prentiðnaður <i>Publishing, printing and reproduction of recorded media</i>	13.888,1	4,8
24	Efnaiðnaður <i>Manufacture of chemicals and chemical products</i>	9.043,9	3,1
25	Gúmmí og plastvöruframleiðsla <i>Manufacture of rubber and plastic products</i>	4.165,6	1,4
26	Gler-, leir- og steinefnaiðnaður <i>Manufacture of non-metallic mineral products</i>	7.403,0	2,6
27	Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	42.291,1	14,6
28/29	Málmsmíði og viðg. / Vélsníði og vélaviðg. <i>Fabricated metal products/machinery and equipment</i>	17.881,6	6,2
31/32	Framl. og viðg. rafmagnsvéla/tækja / fjarskiptabúnaðar/tækja <i>Manufacture of el. machinery / communication equipment</i> ²	1.254,1	0,4
33	Framl. á lækn.tækjum, mæli- og ranns.tækjum, úrum o.fl. <i>Man. of medical, precision and optical instr.</i>	3.799,9	1,3
34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla <i>Manufacture of motor vehicles and trailers</i>	204,2	0,1
35	Framleiðsla annara farartækja <i>Manufacture of other transport equipment</i>	3.171,5	1,1
36	Húsg.íðnaður, skartgripasmíði, hljóðf.smíði og annar iðnaður <i>Man. of furniture: manufacturing n.e.c</i>	2.581,9	0,9
Alls Total		289.635,5	100,0
Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara fyrir utan fiskvinnslu Total value of sold production excluding fish production		163.839,9	

¹ Árið 2003 voru veltumörk fyrirtækja í úrtaki hækkuð úr 15 milljónum í 30. *In the year 2003 the threshold was raised from 15 million ISK to 30 million ISK (annual turnover of enterprises).*

² Árið 2004 og 2005 er eingöngu um vörunúmer 31 að ræða. *In 2004 and 2005 the numbers are for Prodcom number 31 only.*

³ Árið 2004 og 2005 er verðmæti lagt saman fyrir vörunúmer 18 og 19 vegna af fárra fyrirtækja í atvinnugrein 19. *In 2004 and 2005 the value is for Prodcom numbers 18 and 19 because of too few enterprises in NACE 19.*

2003 ¹		2004		2005	
Verðmæti, millj. kr <i>Value,</i> <i>mill. ISK</i>	%	Verðmæti, millj. kr <i>Value,</i> <i>mill. ISK</i>	%	Verðmæti, millj. kr <i>Value,</i> <i>mill. ISK</i>	%
1.682,5	0,6	1.475,0	0,5	1.439,6	0,5
159.880,1	56,6	166.644,6	55,1	158.423,7	53,5
111.111,3	28,2	118.050,5	39,0	105.845,8	35,7
3.068,5	1,1	3.234,7	1,1	2.659,8	0,9
815,5	0,3	725,2	0,2	512,1	0,2
35,3	0,0				
2.896,3	1,0	3.387,2	1,1	3.440,2	1,2
1.957,3	0,7	1.866,7	0,6	1.675,3	0,6
14.077,6	5,0	16.290,2	5,4	17.917,3	5,9
13.517,0	4,8	15.709,4	5,2	10.491,5	3,5
4.637,4	1,6	4.818,4	1,6	4.904,9	1,7
8.410,4	3,0	11.012,7	3,6	14.695,9	5,0
41.648,7	14,7	42.880,7	14,2	39.503,7	13,3
16.937,5	6,0	19.142,1	6,3	22.496,7	7,6
989,6	0,4	854,847	0,3	936,3	0,3
3.037,3	1,1	4.514,4	1,5	4.756,4	1,6
274,3	0,1	294,6	0,1	398,4	0,1
5.639,1	2,0	6.319,5	2,1	8.329,1	2,8
3.082,7	1,1	3.327,1	1,1	3.922,8	1,3
282.587,0	100,0	302.497,3	100,0	296.503,6	100,0
171.475,7		184.446,8		190.657,8	

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2005
Table 2. Sold production 2005

Prodcodm					Verðmæti, millj. kr. <i>Value mill. ISK</i>
		Eining <i>Units</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number</i>	Magn <i>Quantity</i>	
14	Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, annara en málna				1.439,6
14211210	Möl í steinsteypu, til vegagerðar o.þ.h.	tonn	5	1.434.606	635,6
14502250	Vikur, smergil, náttúrulegt kórund og granat og önnur náttúruleg slípiefni	tonn	4	106.454	276,5
14502320	Kísilgur (þ.m.t. kísilsalli og önnur kísilrík jarðefni)	tonn	1	3.236	64,7
	Aðrar vörur ót.a				462,7
15	Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður				158.423,7
151111	Nýtt eða fryst nautgripakjöt	kg	13	2.940.382	1.414,9
151113	Nýtt eða fryst svínakjöt	kg	11	934.547	519,9
15111500	Nýtt lamba- og kindakjöt	kg	12	3.533.351	2.037,2
15111600	Fryst lamba- og kindakjöt	kg	7	3.171.416	1.628,5
15111800	Nýtt eða fryst hrossakjöt	kg	11	783.048	199,7
15111900	Nýr eða frystur innmatur úr nautgripum, svínunum, sauðfé, geitfé eða hrossum	kg	6	587.807	98,9
15112	Óþvegin ull, gærur, húðir og skinn	kg	3	...	15,8
151211001	Nýtt eða kælt kjöt af hænsnum eða kjúklingum	kg	4	5.190.506	2.687,9
15121300	Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt	kg	3	...	42,2
15131100	Svínakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	12	1.230.611	936,9
151311002	Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	11	1.119.668	913,3
151311009	Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	9	86.612	31,1
1513121	Pylsur	kg	9	1.552.795	920,3
15131225	Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté	kg	5	158.337	101,6
15131240	Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti	kg	13	2.646.650	1.767,7
15131260	Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti	kg	15	1.866.411	1.255,0
15131265	Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti	kg	16	1.580.156	1.340,6
15131290	Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat	kg	9	1.010.910	673,4
15199999	Slátrun og önnur útseld þjónusta	.	4	.	66,5
15201130	Fersk fisklifur og hrogn	kg	...	120.865	54,8
15201190	Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur	tonn	...	22.673	12.304,8
15201210	Heilfrystur sjávarfiskur	tonn	...	124.022	12.088,3
15201250	Fryst fisklifur og hrogn	tonn	...	11.201	2.133,1
15201270	Fryst fiskflök	tonn	...	110.787	29.238,2
15201290	Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur	tonn	...	60.216	5.074,9
15201310	Fín- og grófmalað fiskmjöl og fiskkögglar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi	tonn	...	2.253	783,0
15201330	Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt	tonn	...	13.382	5.104,8
15201353	Reyktur lax (einnig í flökum)	kg	...	46.913	42,0
15201355	Reykt síld (einnig í flökum)	kg	...	6.538	3,5
15201359	Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld)	kg	...	4.886	2,2
15201370	Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök)	tonn	...	49.108	15.097,5
15201411	Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur)	kg	...	19.525	13,7
15201412	Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkuð, söltuð, í saltlegi eða reykt)	kg	...	925.761	128,1
15201419	Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar)	kg	...	562.969	88,9
15201430	Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk) (ekki reyktur fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi, fiskstautar og kavíar)	kg	...	634.146	199,0
15201459	Kavíarlíki	kg	...	1.101.249	846,7
15201530	Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis	kg	...	2.718.754	1.542,6
15201553	Frystur hörpuðiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	kg	...	441	0,4
15201559	Vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir	kg	...	1.099.118	181,9
15201600	Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h.	tonn	...	20.716	7.590,9

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2005 (frh.)
Table 2. Sold production 2005 (cont.)

Prodcom		Eining <i>Units</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti,
					millj. kr. <i>Value</i> mill. ISK
15201700	Mjól, gróf- og fínmalad, og köggjar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis	tonn	...	196.897	8.587,4
15201800	Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fódurs	tonn	...	38.452	628,7
1531	Kartöflur unnar og varðar skemmdur / frystar	kg	3	1.286.608	351,6
1532/1533	Ávaxta- og grænmetis safi / ávextir og grænmeti	kg	10	...	1.478,6
15411150	Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar)	tonn	...	48.899	4.110,8
15511130	Mjól sem í er <= 1% fita, án viðbótarefna	ltr	...	3.167.184	217,0
15511140	Mjól og rjómi sem í er > 1% fita og <= 3%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum	ltr	...	15.496.374	1.060,3
15511160	Mjól og rjómi sem í er > 3% fita og <= 6%; ekki kjörnuð eða með sætum viðbótarefnum	ltr	...	14.373.661	1.062,0
15511200	Rjómi sem í er > 6% fita; ekki kjarnaður eða með sætum viðbótarefnum	ltr	...	1.983.820	924,1
15512030	Þurrmjól sem í er <= 1,5% fita (undanrennuduft); ekki með sætum viðbótarefnum	kg	...	406.987	143,3
15512060	Þurrmjól og -rjómi sem í er > 1,5% fita	kg	...	264.245	92,9
15513030	Smjör með <= 85% fitu	kg	...	1.213.525	489,7
15513050	Smjör með >= 85% fitu og önnur fita og olía úr mjól	kg	...	5	0,0
15513070	Mjólkurviðbit með < 80% fitu	kg	...	318.839	114,8
15514030	Nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi)	kg	...	445.389	236,7
15514050	Rifinn og mulinn ostur, gráðostur og annar óunninn ostur (ekki nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi))	kg	...	34.130	41,4
15514070	Fullunninn ostur (ekki rifinn eða mulinn)	kg	...	3.954.689	2.925,8
15515243	Hrein jógurt eða sýrð mjól (áfir, rjómi eða aðrar gerjaðar mjólkurafurðir án bragðefna eða ávaxta, hmeta eða kakós)	kg	...	2.659.082	541,3
15515245	Bragðbætt jógurt eða sýrð mjól (áfir, rjómi eða aðrar gerjaðar mjólkurafurðir blandaðar bragðefnum eða ávöxtum, hnetum eða kakói)	kg	...	5.793.156	1.455,8
15515250	Hreint skyr	kg	...	687.220	119,0
155152501	Bragðbætt skyr	kg	...	1.863.430	707,3
15515265	Súrmjól	kg	...	1.381.976	134,4
15515540	Mysa eða umbreytt mysá í vökva- eða deigformi; með eða án sætrar íblöndunar	kg	...	234.186	13,4
15515590	Mjólkurafurðir úr náttúrulegum mjólkurefnum, ót.a.	kg	...	5.333.441	1.894,1
15521000	Rjómaís og annar neysluhæfur ís (þ.m.t. frauðis og íspinnar) (en ekki blöndur og grunnefni fyrir mjólkur- eða rjómaís)	ltr	2	3.282.082	928,9
15711010	Húsdýra- og fiskeldisfóður ¹	tonn	6	76.778	2.797,5
15811100	Nýtt brauð	kg	46	...	3.185,1
15811200	Kökur og sætabrauð; aðrar bakarísuvörur blandaðar sætuefnum	kg	46	...	2.022,5
1582125	Sætakex og smákökur, vöflur og kexþynnur ²	kg	6	648.866	318,5
15821390	Aðrar bakaðar vörur án sætuefna, ót.a.	kg	38	...	746,8
15842233	Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum með fyllingu (þ.m.t. úr rjóma, líkjör eða ávaxtakremi (en ekki súkkulaðikex)	kg	3	71.491	55,8
15842235	Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum (en ekki fyllt súkkulaði)	kg	4	708.938	514,2
158422901	Önnur matvæli húðuð eða hjúpuð súkkulaði, svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkris, karamellur og hlaup	kg	4	1.061.967	606,3
158422909	Matvörur með kakói, ót.a. ³	kg	4	406.873	475,5
15842390	Sætindi ót.a. ⁴	kg	4	763.288	466,0
158611	Brennt kaffi	kg	3	646.086	501,9
1587	Krydd og bragðefnaframleiðsla	kg	8	2.399.367	473,2
159610	Bjór, pilsner og malt	ltr	2	15.580.903	} 5.291,8
159811	Vatn, þ.m.t. kolsýrt vatn með eða án sætuefna	ltr	3	9.833.318	
15981230	Gosdrykkir (þ.m.t. ölkelduvatn og kolsýrt vatn) með sætu- og bragðefnum	ltr	2	45.400.406	
	Aðrar vörur ót.a.				3.538,8

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2005 (frh.)
Table 2. Sold production 2005 (cont.)

Prodcodm					Verðmæti, millj. kr. Value mill. ISK
		Eining Units	Fjöldi fyrirtækja Number	Magn Quantity	
17	Textíliðnaður				2.659,8
17102000	Náttúrulegar textíltrefjar unnar fyrir spuna	kg	1	547.182	100,2
1740	Tilbúin textílvvara önnur en fatnaður	...	6	...	369,4
17521	Framleiðsla á köðlum, garni og netum	kg	6	...	1.183,4
17529000	Viðgerðir á netum og köðlum	.	10	.	673,6
177	Prjónaður fatnaður ⁵		4	...	333,1
18/19	Fataiðnaður, sútun og litun loðskinna				512,1
1824	Annar fatnaður og fylgihlutir	...	5	...	87,5
1830/1920	Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum; leðuriðnaður Aðrar vörur ót.a	.	5	.	370,5 54,1
20	Trjáiðnaður				3.440,2
203011100	Gluggar, hurðagluggar og karmar í þá, úr viði	stk	3	...	243,0
203011500	Hurðir, hurðarammar og þröskuldar, úr viði	stk	4	...	203,0
20301300	Aðrir smíðahlutir úr viði til húsasmíða ót.a ⁶	...	5	...	845,2
	Útseld viðgerðarþjónusta í trjáiðnaði	.	14	.	78,9
	Önnur ótalinn framleiðsla úr tré		14		2.070,1
21	Pappírsiðnaður		4		1.675,3
22	Útgáfustarfsemi og prentiðnaður				17.917,3
2211	Bókaútgáfa	stk	16	...	2.166,0
22121	Dagblöð, fréttablöð og tímarit, útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku	stk	3	...	6.438,0
22131100	Dagblöð, fréttablöð og tímarit, sem koma út sjaldnar en fjórum sinnum í viku.	stk	15	...	1.784,4
22141150	Útgáfa tónlistar á geisladiskum	stk	3	...	386,6
2222	Prentun	.	31	.	6.857,6
2225	Önnur þjónusta tengd prentiðnaði ⁷	.	3	.	284,8
24	Efnaiðnaður				10.491,5
2430	Málning, þekju-, fylli- og þéttiefni	kg	3	2.210.950	1.034,1
246	Annar efnaiðnaður ⁸	...	15	...	9.457,4
25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla				4.904,9
251	Gúmmívöruframleiðsla	...	3	...	222,4
25221	Umbúðaplast	...	7	...	2.509,2
25231	Byggingavörur úr plasti	...	10	...	808,6
2524	Aðrar plastvörur ⁹	...	17	...	1.364,7
26	Gler-, leir- og steinefnaíðnaður				14.695,9
2611	Glerplötur	m ²	5	15.103	85,7
261211900	Plötugler (ekki ljóstæknigler) úr nr. 7003, 7004 eða 7005, beygt, unnið á köntum, greypt, borað, gljábrennt eða unnið á annan hátt, án annarra efna	kg	4	121.992	129,2
261212300	Annað hert öryggisgler, ót.a.	m ²	4	9.706	151,7
26121330	Marglaga einangrunargler	m ²	5	83.551	685,6
265112300	Portlandsement (ekki hvítsement)	tonn	1	132.438	1.139,6
26611200	Steyptar byggingareiningar úr sementi, steinsteypu eða gervisteini ¹⁰	kg	9	...	3.170,3
26631000	Tilbúin steinsteypa	m ³	9	465.719	4.222,6
2670	Annar unninn steinn til höggmyndagerðar eða bygginga	...	5	...	726,9
26821300	Malbik	tonn	4	201.604	1.489,7
26821610	Gjallull, steinull o.þ.h., einnig blönduð, í lausu, í plötum eða rúllum	kg	1	208.052	833,2
	Aðrar vörur ót.a.				2.061,5

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2005 (frh.)
Table 2. Sold production 2005 (cont.)

Prodcom					Verðmæti, millj. kr. <i>Value</i> <i>mill. ISK</i>
		Eining <i>Units</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number</i>	Magn <i>Quantity</i>	
27	Framleiðsla málma				39.503,7
27102020	Kísiljárn	tonn	1	114.844	5.723,1
27102090	Annað járnblendi, ót.a.	tonn	1	22.992	193,8
27421130	Hreint, óunnið ál ¹¹	tonn	2	273.318	32.220,0
	Aðrar vörur ót.a.				1.366,9
28	Málmsmíði og viðgerðir				12.304,1
	Málmsmíði	...	90	...	6.754,8
	Viðgerðir	.	87	.	5.549,3
29	Vélsmíði og vélaviðgerðir				10.192,7
	Vélsmíði	...	58	...	9.317,8
	Viðgerðir	.	30	.	874,9
31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja				936,3
	Nýsmíði	...	12	...	521,0
	Viðgerðir	.	11	.	415,3
33	Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.				4.756,4
	Nýsmíði	...	8	...	4.481,3
	Viðgerðir	.	9	.	275,1
34	Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla		7		398,4
35	Framleiðsla annarra farartækja		25		8.329,1
36	Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljófærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður				3.922,8
361	Húsgagnaiðnaður	...	36	...	3.478,1
	Aðrar ótaldar viðgerðir í iðnaði	.	7	.	152,3
	Aðrar vörur ót.a.				292,4
Alls					296.503,6

¹ Þ.m.t. 15721030 - Hunda- og kattafóður.

² Þ.m.t. 15821230 - Hunangskökur (engiferkökur) o.þ.h.

³ Þ.m.t. 158422531 - Konfekt, 158422902 - Páskaegg, 158422903 - Íssósur og Ídyfur og 158422800 - Drykkjarvöruefni með kakói

⁴ Þ.m.t. 158423200 - Lakkrís og lakkrísvörur, 15842355 - Hálstöflur, 15842363 - Sykurhúðaðar töflur, 15842365 - Gúmmí og ávaxtahlaup, 15842373 - Brjóstsykur, 15842375 - Karamellur.

⁵ Þ.m.t. 17104200 - Framleiðsla á ullargarni, ekki til smásölu

⁶ Þ.m.t. 20302000 - Framleiðsla einingarhúsa og byggingareininga úr viði

⁷ Þ.m.t. 2224 - Prentsmíð, 223 - Fjölfaldaðir gagnamiðlar og fjölfaldað myndefni á myndbandsspólum

⁸ Þ.m.t. 241 - Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar, 244 - Framleiðsla á lyfjum og 245 - Framleiðsla á sápum, hreinsi- og þvottaefnum, hreingeringarefnum og snyrtivörum

⁹ Þ.m.t. 2521 - Plötur, rör o.þ.h. úr plastefnum

¹⁰ Þ.m.t. 26611150 - Þaksteinn, flísar, hellur o.þ.h. vörur úr sementi

¹¹ Þ.m.t. 27422230 - Hleifar, stengur og prófilar úr hreinu áli

Hagtiðindi Iðnaður
Statistical Series *Manufacturing*

91. árgangur nr. 34

ISSN 0019-1078

2006:1

ISSN 1670-455X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4568 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Þórarinna Söebeck • thorarinna.soebeck@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

upplysadeild@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series